

Þátttaka Langanesbyggðar í fyrirlestri um geðrækt á vegum Kirkjunnar

Haustið 2023 var erfitt í Langanesbyggð þar sem áföll dundu yfir samfélagið hvert ofan í annað.

Á 12. fundi velferðar- og fræðslunefndar Langanesbyggðar, þann 23. nóvember 2023 var eftirfarandi rætt undir önnur mál:

Umræður um að nefndin stuðli að reglulegum fyrirlestrum í vetur sem snúa að áföllum og úrvinnslu.

Stefnt að Fyrirlestri um bjargráð á erfiðum tímum í samstarfi við kirkjuna 4. des kl.20:00

Kirkjan hélt fyrirlesturinn 4. desember í félagsheimilinu með góðum viðtökum og mætingu. Í vor ræddi formaður velferðar og fræðslunefndar aftur við kirkjuna hvort hægt væri að fá annan fyrirlestur sem Jarprúður prestur ætlaði að skoða.

Nú hefur Jarprúður haft samband en kirkjan stefnir á að halda annan samskonar fyrirlestur í desember. Fyrirlesarinn heitir Dána Ósk Óskarsdóttir og ætlar að halda fyrirlestur um bjargráð við áföllum með áherslum á geðrækt.

Kirkjan er að óska eftir þátttöku sveitarfélagsins í 50% kostnaði við fyrirlesturinn sem er um 150-200 þúsund.

Með von um jákvæð viðbrögð
Sigríður Friðný Halldórsdóttir
Formaður velferðar- og fræðslunefndar